

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 1. nóvember 2023

Fyrirlesari: Guðmundur Pétursson, lögfræðingur og markvörður

Efni: „Öll nema fjórtán“

Mættir: 55, félagsmenn og nokkrir gestir

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16 og kynnti stuttlega starfið framundan. Tvær ferðir eru á döfinni á næsta ári. Sú fyrri verður innanlands, 7.-9. júní. Gist verður í Reykjanesi við Djúp, farið um Strandir og í Kaldalón. Seinni ferðin er utanlandsferð, 28 ágúst til 4. september. Áfangastaðurinn er Skotland; Suðureyjar og Edinborg. Þá gaf formaður fyrirlesaranum, Guðmundi Péturssyni, lögfræðingi og markverði. Hann hefur nýlega gefið út bók sem ber sama heiti og erindið, “Öll nema fjórtán” og vísar að sjálfsögðu til þess fræga fótboltalandsleiks gegn Danmörku, sem fór 14:2. Guðmundur spjallaði á léttum nótum um fótboltann í víðu samhengi, alþjóðasamtök og pólitik og komu ýmsir við sögu. Orðið var gefið laust eftir tæpan hálf tíma og næsta hálf tímann spjölluðu fundarmenn áfram um fótboltann og leikinn fræga, enda bæði fótboltamenn og -unnendur í salnum. Guðmundur fékkst til að segja aðeins nánar frá. Þessi leikur var sá fyrsti sem var sýndur í heild sinni í íslenska sjónvarpinu, reyndar tveim dögum eftir að hann fór fram. Þetta setti nokkra pressu á leikmenn. Sigurður Sigurðsson lýsti leiknum og var orðinn vel mjúkur þegar á leið. Guðmundur hefur aldrei horft á leikinn í heild, en mörkin öll, og getur ekki séð að þar hafi verið nein klaufamörk. Fundarmenn veltu síðan m.a. fyrir sér mætti peninganna í fótboltanum. En ekki síst í því ljósi er ótrúlegt að litla Ísland hefur náð það langt að komast tvisvar á stórmót. Sennilega verður það ekki aftur á næstunni. En fótboltinn verður alltaf vinsæll, enda einföld og aðgengileg skemmtun.

Fleira gerðist ekki og formaður sleit fundi kl. 17:00.

Helga M. Ögmundsdóttir